

Siðareglur fyrir Facebook-hópa foreldra

Tilgangur hópsins er að auðvelda samskipti milli foreldra, til að ræða ýmis málefni sem tengjast bekknum/árganginum og auðvelda foreldrum að styðja við góðan bekkjaranda og góðan skólabrag á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Hér má til dæmis:

- skipuleggja bekkjarkvöld, foreldrafundi, foreldra/hverfisrölt, þátttöku í viðburðum á vegum foreldrafélagsins,
- ræða foreldrasáttmála, svefntíma, tölvunotkun,
- minna á útivistartímann,
- eiga almennar samræður um forvarnir gegn einelti,
- skipuleggja fjáraflanir, bekkjarafmæli,
- auglýsa eftir týndum hlutum,
- athuga hvaða blaðsíður átti að læra í stærðfræði,
- fá hugmyndir að skemmtilegum bókum til að lesa í heimalestri.

Hér má ekki til dæmis:

- ræða persónuleg málefni barnanna, starfsmanna eða annarra foreldra,
- ræða ágreining á milli einstaklinga eða hópa, það á heima á öðrum vettvangi.

Persónuvernd:

Virðum persónuvernd barnanna og förum varlega þegar um er að ræða persónulegar upplýsingar þeirra. Börn eiga rétt á friðhelgi einkalífs og njóta persónuupplýsingar þeirra sérstakrar verndar í [persónuverndarlögum](#).

Höfum í huga:

Höldum umræðum jákvæðum og uppbyggilegum. Gott er að kynna sér upplýsingar um samskipti hjá SAFT: <https://saft.is/stafraen-borgaravitund/samskipti/>.

Upplýsingar sem birtar eru á Facebook-hópum með 10 eða fleiri meðlimum teljast opinber birting og því ekki hægt að treysta á að upplýsingarnar fari ekki lengra.

Þau sem brjóta gegn þessum viðmiðum fá viðvörðun og innleggjum þeirra verður eytt ef stjórnendur meta það svo. Þau sem brjóta ítrekað gegn þessum viðmiðum geta átt það á hættu að verða fjarlægð úr hópnum.



Farvegur fyrir gagnrýni, ósætti og/eða óánægju:

Foreldrar sem eru óánægð með starfsemi skólans, kennara, annað starfsfólk eða stjórnendur eða telja barnið sitt lenda í stríðni eða einelti skulu hafa samband við skólann og málin leyst á þeim vettvangi en ekki ræða þau í Facebook-hópum foreldra.

Ef leysa þarf minniháttar ágreining á milli barna í bekk/árgangi eða foreldra í hópnum getur verið gott að byrja á því að hafa samband við bekkjar/árgangafulltrúa til að ræða málefni bekkjar/árgangs og athuga hvort efni sé til að kalla saman foreldrafund. Það skal gera með vitund kennara.

Foreldrar sem vita ekki hvert þau geta leitað með sín mál geta tala við bekkjar/árgangafulltrúa, fulltrúa foreldra í skólaráði, fulltrúa í stjórn foreldrafélag, kennara, námsráðgjafa eða stjórnendur skólans.

Einnig má hafa samband við eftirtalda aðila þar sem hægt er að fá fría ráðgjöf:

Heimili og skóli – Landssamtök foreldra
heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

SAMFOK – Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík
samfok@samfok.is

Sjonarhóll – Ráðgjafamiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir
sjonarholl@sjonarholl.is